

Hvenær hefst þessi viðburður:
23. október 2013 - 14:00 til 16:00
Staðsetning viðburðar:
[Aðalbygging](#)
Nánari staðsetning:
Hátíðarsalur



Miðvikudaginn 23. október fer fram doktorsvörn við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá mun Jón Árne Friðjónsson verja doktorsritgerð sína: Skólabókasagan: Um sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum 1946–1996.

Andmælendur eru dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og dr. Guðmundur Hálfðánarson, prófessor á Hugvísindasviði Háskóla Íslands.

Aðalleiðbeinandi var dr. Loftur Guttormsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands. Doktorsnefnd skipuðu dr. Gunnar Karlsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, og dr. Gestur Guðmundsson, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor og forseti Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni sem fram fer í Hátíðasal Háskóla Íslands í Aðalbyggingu og hefst kl. 14.00.

Ágrip af rannsókn

Saga varð fyrst mikilvæg námsgrein í íslenskum skólum á heimastjórnartímanum. Sú söguskoðun sem þá mótaðist horfði ekki aðeins til fortíðar heldur vísaði líka til framtíðar og útópía hennar varð að veruleika með stofnun lýðveldis 1944. En forsögn hennar náði ekki öllu lengra þó að reynt væri að framlengja hana; á sjöunda áratugnum tók hún að missa merkingu sína. Um hina almennu mannkynssögu ríkti ekki mikill ágreiningur, hún var fyrst og fremst þjálfunarefni fyrir verðandi embættis- og menntamenn.

En upp úr 1970 breyttist allt. Skólakerfið tók stakkaskiptum, ný viðhorf komu fram á sviði kennslufræða og mikil fjölgun ungs fólks knúði á um víðtæka nýsköpun framhaldsskólakerfisins. Þá sprengdi íslensk sagnfræði af sér fjötra hefðarinnar og félagssaga tók að setja svip sinn á námsefni. Þessum umskiptum var ekki tekið fagnandi alls staðar. Róttækni tíðarandans varð heldur ekki til að draga úr ótta þeirra sem töldu hina nýju sögutúlkun boða illt og brátt upphófust alls kyns ásakanir á hendur kennurum og námsefnishöfundum um pólitíska áróðursstarfsemi.

Enginn vafi er á því að hin illskeytta pólitíska umræða áttunda og níunda áratugarins kom sér illa fyrir söguna sem námsgrein. Verra var þó hve veik staða hennar var á hinu kennslufræðilega sviði. Það er og ein niðurstaða þessarar rannsóknar að mikilvægustu eiginleikar hennar sem námsgreinar hafi lengst af verið vanmetnir. Athyglin beinist þó

einkum að þeim kennslubókum sem settu svip á þetta mikla breytingaskeið og þeim aðstæðum sem þróun framhaldsskólakerfisins og ný fræðileg og samfélagsleg viðhorf sköpuðu námsgreininni.

English:

History as a subject in Icelandic secondary schools 1946 – 1996

History became an important subject in Icelandic schools in the beginning of the 20th century. The national history presented in those years, not only tell the story of the past; it was also predictive of the future. Its promises seemed to have been fulfilled when republic was founded in 1944 but twenty years later this history tradition was rapidly losing its meaning. General history was not a problematic subject in those years; it was just a training material for those aiming at higher education with little connection to the modern world.

But after 1970 everything changed. The whole school system was renovated with the help of new pedagogical ideas; new secondary schools were established and run by relatively young staff. Social history was taking over the academic field and defining new paradigms for the history textbooks. These changes caused reactions from traditionalists and conservatives who complained about historical falsifications and political indoctrination in schools and textbooks.

There is no doubt that this political controversy had a damaging effect on history as a school subject in Iceland. At the same time it somehow did not benefit much from new educational theories and it is one of the conclusions of this study that some of the most important characteristics of history as a subject were underestimated. But the main attention of the paper is given to the textbooks and the social and scientific circumstances of the subject in those turbulent times.